

Sp. 230. Tillaga til þingsályktunar [199. mál]

um framtíðarhlutverk héraðsskólanna.

Flm.: Óli Þ. Guðbjartsson, Guðni Ágústsson, Margrét Frímansdóttir,
Ingi Björn Albertsson, Ólafur Þ. Þórðarson, Málmfríður Sigurðardóttir,
Hjörleifur Guttormsson.

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að skipa nefnd til að gera tillögur um framtíðarhlutverk héraðsskólanna. Nefndin verði skipuð sérfróðum mönnum og vinni þeir með stjórnendum skólanna og skólayfirvöldum í viðkomandi fræðsluumdæmi að tillögugerð um framtíðarskipan þessara skóla.

Tillögur nefndarinnar liggja fyrir eigi síðar en 1. jan. 1989.

Greinargerð.

Á undanförunum árum hefur orðið veruleg breyting á starfi héraðsskólanna um allt land. Alls staðar á sú breyting rót sína að rekja til nemendafækkunar sem hvarvetna hefur orðið raunin. Ástæða nemendafækkunarinnar er trúlega einkum þrjúþætt:

1. Almenn búsetuþróun hér á landi undangengna áratugi úr strjálbýli í þéttbýli.
2. Álíka hröð uppbygging skólamannvirkja í þéttbýli fyrir þá aldurshópa sem áður sóttu héraðsskólana.
3. Veruleg vanræksla um viðhald og búnað margra héraðsskólanna.

Fleira kemur eflaust til.

Nú er svo komið að formlegar tillögur eru þegar fram komnar um lokun a.m.k. tveggja af þessum skólum og mikil óvissa ríkir um framtíð margra þessara stofnana.

Öllum er þó ljóst að allir hafa þessir skólar gegnt mikilvægu hlutverki — um langan aldur — hver á sínu svæði.

Enn fremur fer ekki á milli mála að mikil fjárfesting liggur í öllum þessum skólum sem þjóðfélagið hefur ekki efni á að vannýta. Auk þess eru þessar stofnanir burðarásar í margs

konar menningarlífi á landsbyggðinni. Skólarnir eru átta talsins og dreifast um öll kjördæmin utan Reykjavíkur og Reykjaness, en þeir eru:

Héraðsskólinn í Reykholti	í Vesturlandskjördæmi
Héraðsskólinn að Núpi	í Vestfjarðakjördæmi
Héraðsskólinn í Reykjanesi	í Vestfjarðakjördæmi
Héraðsskólinn að Reykjum	í Norðurlandskjördæmi vestra
Héraðsskólinn á Laugum	í Norðurlandskjördæmi eystra
Alþýðuskólinn á Eiðum	í Austurlandskjördæmi
Héraðsskólinn í Skógum	í Suðurlandskjördæmi
Héraðsskólinn á Laugarvatni	í Suðurlandskjördæmi

Tillaga sú til þingsályktunar, sem hér er flutt, gerir ráð fyrir því að framtíðarhlutverk þessara skóla geti verið með mismunandi hætti á hinum ýmsu stöðum á landinu. En höfuðáhersla er lögð á tvennt:

1. Héraðsskólarnir eru svo mikilvægar og verðmætar eignir að allra leiða verður að leita til að nýting þeirra verði áfram til hagsbóta íbúum héraðanna.
2. Sérstaklega verði könnuð þörf strjálbýlisins á símenntun fullorðinna með tilliti til rekstrar héraðsskólanna í núverandi mynd.

Árið 1986 gerði Sigurður Helgason, deildarstjóri í menntamálaráðuneytinu, úttekt á starfsemi þessara skóla fyrir þáverandi menntamálaráðherra.

Útdráttur úr greinargerð Sigurðar er hér sem fylgiskjal I til frekari glöggvunar á þessu máli.

Fylgiskjal II er yfirlit yfir nemendafjölda í héraðsskólunum 1987–1988.

Fylgiskjal I.

Sigurður Helgason:

Staða héraðsskólanna.

I. Inngangur.

Árið 1929 voru samþykkt lög á Alþingi um héraðsskóla. Þeir áttu að vera að Núpi í Dýrafirði (þar hafði þá verið starfræktur Alþýðuskóli frá 1906), að Reykjum í Hrutafirði (tók til starfa 1931), Laugum í Reykjadal (tók til starfa 1923), Hvítárbakka í Borgarfirði (þar hafði verið starfræktur Alþýðuskóli frá 1905) og á Laugarvatni (tók til starfa 1928). Áður hafði Alþýðuskólinn á Eiðum starfað eftir sérstökum lögum frá 1919. Skólinn á Hvítárbakka var fluttur að Reykholti 1931.

Markmið héraðsskólanna var „að búa nemendur undir athafnalíf við íslensk lífskjör með bóknámi, vinnukennslu og íþróttum“. Stofnkostnaður skólanna var greiddur að hálfu úr ríkissjóði eftir því sem fé var veitt á fjárlögum, enda kæmi framlag á móti frá heimaaðilum. Enn fremur greiddi ríkissjóður hluta rekstrarkostnaðar eftir ákveðnum reglum. Árið 1940 voru ný lög um héraðsskóla samþykkt á Alþingi og eldri lög felld úr gildi. Með lögnum var heimilað að stofna þrjá nýja héraðsskóla, í Reykjanesi við Ísafjarðardjúp (tók til starfa 1937), í Varmahlíð í Skagafirði (var aldrei stofnsettur) og á hentugum stað innan

Rangár- og Skaftárþinga (Skógaskóli sem tók til starfa 1949). Markmiðið var svipað og áður að „veita æskumönnum landsins fjölbreytta fræðslu á þjóðlegum grundvelli.“ Enn fremur voru sett nánari ákvæði um innihald námsins svo og um próf.

Nýju lögín gerðu ráð fyrir að ríkissjóður greiddi framvegis $\frac{3}{4}$ hluta stofnkostnaðar.

Lög um gagnfræðanám voru sett árið 1946. Samkvæmt 65. gr. þeirra laga voru lög um héraðsskóla úr gildi numin. Héraðsskólarnir störfuðu samkvæmt þessum nýju lögum til ársins 1974 að lög um grunnskóla voru sett en lögín um gagnfræðanám numin úr gildi.

Með lögum nr. 34/1962, um breytingu á lögum nr. 41/1955, um greiðslu kostnaðar við skóla, sem reknir eru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum, var ákveðið að héraðsskólarnir yrðu séreign ríkisins ef hlutaðeigandi sveitarfélög óskuðu þess. Í samræmi við þessi ákvæði og óskir sýslunefnda viðkomandi skóla urðu fimm héraðsskólar ríkisskólar árið 1962 og hinir þrír skömmu síðar.

Árið 1970 var gefin út reglugerð um framhaldsdeildir gagnfræðaskóla. Héraðsskólarnir hafa allir fengið heimild til að starfrækja framhaldsdeildir, Eiðaskóli frá og með skólaárinu 1970/71, Núpsskóli, Reykholtsskóli og Reykjaskóli frá og með skólaárinu 1971/72 og hinir nokkru síðar, Reykjanesskóli þó ekki fyrr en frá og með skólaárinu 1983/84. Aðsókn að héraðsskólunum var mikil í upphafi og allt fram undir árið 1970 að draga fór úr aðsókn að sumum þeirra og frá 1980 fer að halla verulega undan fæti.

Tafla 1.

Nemendafjöldi í héraðsskólum.

	1952/53	1961/62	1970/71			1975/76			1980/81			1985/86 (des.)		
		1.-3.b.	¹⁾ G	F	Alls	²⁾ G	F	Alls	G	F	Alls	G	F	Alls
Héraðsskólinn í Reykholti	86	96	123		123	99	25	124	70	74	144	46	58	104
Héraðsskólinn að Núpi	84	102	157		157	113	10	123	71	14	85	31	16	47
Héraðsskólinn í Reykjanesi	19	72	79		79	77		77	54		54	58	11	69
Héraðsskólinn að Reykjum	33	105	150		150	125	15	140	88	43	131	62	11	73
Héraðsskólinn á Laugum	103	112	152		152	113	11	123	59	49	108	48	68	116
Alþýðuskólinn á Eiðum	91	102	125	15	140	108	10	118	63	59	122	41	72	113
Héraðsskólinn í Skógum	116	107	127		127	109	5	114	80	14	94	50	10	60
Héraðsskólinn á Laugarvatni	119	134	120		120	91		91	65	30	95	38		38
Alls	651	830	1018	15	1033	835	76	911	550	283	833	374	246	620

1) 4. bekkur meðtalinn.

2) 10. bekkur meðtalinn.

Eins og sjá má af töflunni fækkaði nemendum á grunnskólaaldri jafnt og þétt í héraðsskólunum frá 1970. Orsökín er fyrst og fremst sú að grunnskólar á skólasvæðum héraðsskólanna voru eflir og þeim gert kleift að taka að sér kennslu í efri bekkjum grunnskóla. Nú er svo komið að einungis rúmlega 200 nemendur á öllu landinu eiga þess *ekki* kost að ljúka grunnskólanámi í heimaskóla sínum eða í nágrennaskóla með daglegum akstri.

Tafla 2.

Nemendur héraðsskóla flokkaðir eftir fræðsluumdæmum.
(Desember 1985.)

Nöfn skóla	Rvík		Reykjanes		Vesturl.		Vestf.		N. v.		N. ey.		Austurl.		Suðurl.		Alls	
	G	F	G	F	G	F	G	F	G	F	G	F	G	F	G	F	G	F
Héraðsskólinn í Reykholti	3	9	7	5	21	18	12	12	1	4	2	8	1	0	0	2	46	58
Héraðsskólinn að Núpi	6	3	5	0	0	0	12	11	3	0	1	1	0	1	4	0	31	16
Héraðsskólinn í Reykjanesi	25	3	2	2	0	0	29	6	0	0	1	0	0	0	1	0	58	11
Héraðsskólinn að Reykjum	20	1	6	2	2	2	22	2	5	4	0	0	2	0	5	0	62	11
Héraðsskólinn á Laugum	3	0	14	8	0	2	2	3	1	4	25	30	3	20	0	1	48	68
Alþýðuskólinn á Eiðum	2	1	2	3	0	0	0	1	0	0	0	2	36	63	1	2	41	72
Héraðsskólinn í Skógum	10	0	12	3	0	0	0	0	0	0	1	0	1	0	26	7	50	10
Héraðsskólinn á Laugarvatni	8	0	3	0	1	0	5	0	0	0	2	0	0	0	19	0	38	0
Alls	77	17	51	23	24	22	82	35	10	12	32	41	43	34	56	12	374	246

Áætlaður fjöldi grunnskólanemenda sem ekki eiga þess kost að stunda nám í heimasjóla eða eru ekki í daglegum akstri í annan grunnskóla

0	0	27	76	12	30	47	45	237
---	---	----	----	----	----	----	----	-----

Taflan sýnir m.a. eftirfarandi:

- Prátt fyrir það að *allir* unglingar í Reykjavík og í Reykjanesumdæmi eigi þess kost að ljúka grunnskólanámi í heimasjóla eða í nágrannaskóla með daglegum akstri eru í vetur 128 nemendur úr þessum fræðsluumdæmum í héraðsskólunum.
- Um unglunga í öðrum fræðsluumdæmum sem *ekki* eiga þess kost að ljúka grunnskólanámi í heimasjóla gildir eftirfarandi:
 - Nær allir unglingar úr Vesturlandsumdæmi sækja Reykholtsskóla. Það sama gildir um unglunga í Norðurlandsumdæmi eystra, Austurlandsumdæmi og Suðurlandsumdæmi. Þeir sækja um skólavist í héraðsskóla í sínu heimahéraði.
 - Aðeins helmingur unglunga úr Vestfjarðumdæmi fara í héraðsskólana á Núpi og í Reykjanesi.
 - Mjög fáir unglingar úr Norðurlandsumdæmi vestra fara í héraðsskóla enda geta flestir þeirra lokið grunnskólanámi í heimasjóla.

II. Niðurstöður.

- Héraðsskólarnir voru á sínum tíma stofnaðir til að veita ungu fólki í sveitum landsins tækifæri til að afla sér fjölbreyttrar menntunar að skyldunámi loknu.
- Með setningu laga um gagnfræðanám árið 1946 urðu héraðsskólarnir hluti af íslenska skólakerfinu. Hlutverk þeirra breyttist en þörfin fyrir þá varð jafnvel enn meiri en áður enda voru húsakynni þeirra stækkuð og endurbætt með ærnum kostnaði.
- Á sjöunda og áttunda áratugnum urðu miklar breytingar á skólaskipan í landinu. Fjölmargir heimavistarskólar voru byggðir sem tóku við nemendum er áður sóttu héraðsskólana og fleiri og fleiri skólar fengu heimild til að taka upp nám á gagnfræðastigi sem síðar urðu 7.–9. bekkur grunnskóla.
- Minnkandi aðsókn nemenda á grunnskólaaldri hvatti forráðamenn héraðsskólanna til að leita fyrir sér á framhaldsskólastigi. Framhaldsdeildir voru stofnaðar með misjöfnum árangri.
- Í tillögum nefndar, sem menntamálaráðherra skipaði 25. nóvember 1974 til þess að gera tillögur um breytta skipan náms á framhaldsskólastigi, var gert ráð fyrir því að nýta sem best það húsnaði sem þá var fyrir hendi til skólalálds, þar á meðal héraðsskólana.

Nefndin gerði sér jafnframt ljóst að ýmsir annmarkar voru á því að þeir yrðu hluti af væntanlegu framhaldsskólakerfi og nefndu í því sambandi skort á sérbúnaði í kennsluhúsnæði og skort á sérmenntuðum kennslukröftum. Nefndin gerði ráð fyrir að skólarnir hefðu áfram 8. og 9. bekk grunnskóla og framhaldsdeildir. Verkefni hinna ýmsu skóla yrðu mismunandi eftir aðstæðum.

6. Með tilkomu nýrra og fullkominna mennta- og fjölbrautaskóla víðs vegar um land, sem boðið hafa upp á fjölbreytt nám og fullkomna námsaðstöðu, hafa héraðsskólarnir orðið undir í baráttunni um nemendur. Nemendum hefur því fækkað ár frá ári að undanförunu af þeim ástæðum og vegna þeirra skipulagsbreytinga sem orðið hafa á grunnskólastigi og áður var lýst.
7. Samkvæmt upplýsingum hér að framan er heimavistarrými í héraðsskólunum sem hér segir:

Héraðsskólinn í Reykholti	128
Héraðsskólinn að Núpi	80
Héraðsskólinn í Reykjanesi	60
Héraðsskólinn að Reykjum	108
Héraðsskólinn á Laugum	112
Alþýðuskólinn á Eiðum	119
Héraðsskólinn í Skógum	65
Héraðsskólinn á Laugarvatni	93

Samtals 765

Í skólunum eru við nám skólaárið 1985/86 alls 620 nemendur. Umframrými er því fyrir 145 nemendur.

8. Miðað við aðstæður í dag virðist vera þörf á að héraðsskólarnir geti tekið við nálega 350 nemendum á grunnskólaaldri. Annars vegar eru nemendur í dreifbýli sem ekki hafa aðra námsaðstöðu og hins vegar nemendur úr þéttbýli sem af ýmsum félagslegum ástæðum geta ekki stundað nám í sínum heimaskóla. Vegna þeirra nemenda þarf að gefa skólunum rúman kvóta til stuðningskennslu og félagsstarfa. Nokkuð óljós er hin raunverulega þörf fyrir aðstöðu á framhaldsskólastigi.
9. Í mannvirkjum héraðsskólanna eru fólgin mikil verðmæti sem mega ekki standa ónotuð. Viðhald þeirra flestra er í lágmarki vegna of lítills viðhaldsfjár á fjárlögum hverju sinni. Sumarleiga hefur þó hjálpað þeim nokkuð sem vel eru í sveit settir hvað varðar umferð ferðamanna. Rekstrarkostnaður skólanna er mikill.
10. Skólarnir eru miklir mennta- og menningarstofnanir í dreifbýlinu og því mikils virði fyrir íbúa þess að þeir verði áfram starfandi. Af ástæðum sem að framan greinir þarf að gera framtíðaráætlun um starfsemi þeirra, hvern og einn og alla í samhengi. Verkefni þeirra verður að sníða eftir ýmsum ytri aðstæðum. Sumum þeirra hentar best að vera reknir sem grunnskólar, öðrum sem skólar á framhaldsskólastigi eða sem blandaðir skólar á grunnskóla- og framhaldsskólastigi. Til greina kemur að tengja nám þeirra að einhverju leyti meira atvinnulífi þjóðarinnar. Gera mætti tilraun til að reka einn þeirra sem lýðskóla með áherslu á „fræðslu á þjóðlegum grundvelli“ eins og einu sinni var markmið þeirra. Einnig mætti nota húsakynni þeirra til námskeiða eða ráðstefnu- og fundahalda svo eitthvað sé nefnt.
11. Lokaniðurstaðan er sú að nauðsynlegt sé að hefja nú þegar alvöruumræður um framtíð héraðsskólanna. Í því skyni verði samstarfsnefndir skipaðar til að gera framtíðartillögur um verkefni hvers skóla fyrir sig.

Fylgiskjal II.

*Menntamálaráðuneytið,
grunnskóladeild:*

Nemendafjöldi í héraðsskólum 1987/1988.

	Grunnskólastig			Framhaldsskólar		Alls
	7.b.	8.b.	9.b.	I. ár	II. ár	
Héraðsskólinn í Reykholti			31	30	10	71
Héraðsskólinn að Núpi			20	12		32
Héraðsskólinn í Reykjanesi	8	8	16			32
Héraðsskólinn að Reykjum		20	21			41
Héraðsskólinn á Laugum			41	68	14	123
Alþýðuskólinn á Eiðum			51	51	17	119
Héraðsskólinn í Skógum	8	19	26	13		66
Héraðsskólinn á Laugarvatni		24	20			44
	<hr/>	<hr/>	<hr/>	<hr/>	<hr/>	<hr/>
	16	71	226	174	41	528